

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. apríl 2022
UST202203-144/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Vatnsbrekka – Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsbrekku í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir fjórum 21.750 m² lóðum þar sem nýtingarhlutfall lóðanna er allt að 0,03. Auk þess segir að heimilt sé að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, allt að 40 m².

Einnig kemur fram að ein lóðanna er byggð og á henni er 93,3 m² sumarbústaður, sem er fyrir utan byggingarreit, og 12,4 m² geymsla.

Þingvallavatn

Þar sem tillagan nær að Þingvallavatni er mikilvægt að það komi fram í greinargerð að vatnið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvirkja, sem í húfi eru, og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.



UMHVERFIS

STOFNUN

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Girðingar

Í tillögunni er gert er ráð fyrir einni heildargirðingu um svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hún hindri umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að það komi fram í greinargerð að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Birki

Samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar vex náttúrulegur birkiskógur á skipulagssvæðinu og er hann talinn fullvaxta (60-100 ára) og er hæð hans 1,3 - 2 m. Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af séu að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.¹

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að fá álit stofnunarinnar varðandi ofangreindan þátt.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu fram skilyrði í tillögunni í samræmi við ákvæði ofangreindra laga.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að Þingvallavatn er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) þar sem vatnið er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima (varp og

¹ <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplysingar>

viðkomustaður á haustin). Einnig húsönd og gulönd á vetrum. Auk þess kemur fram að ein helsta ógnin að mati NÍ sé mikil og vaxandi frístundabyggð, víða of nærri ár- og vatnsbökkum og lífræn mengun sem henni fylgir.²

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

² <https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>